

Alþingi-nefndasvið
Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
ICELAND



Fornleifavernd ríkisins

Suðurgata 39, 101 Reykjavík
Sími: 555 6630, Bréfsími: 555 6631
Heimasíða: www.fornleifavernd.is

Reykjavík 11. maí 2012

Tilvísun: Fvr 2012050016 /KHS

Efni: Þingskjal 1165 - 727. mál. Tillaga til þingsdályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða.

Fornleifavernd ríkisins hafði samband við ritara Atvinnuveganefndar Alþingis sl. mánudag, þar sem svo virðist sem láðst hafi að senda Fornleifavernd ríkisins þingskjal 1165, 727. mál til umsagnar. Um er að ræða mál sem hefur mikil áhrif á fornleifar landsins, jafnt friðlýstar minjar sem friðaðar, en Fornleifavernd ríkisins fer með umsjón fornleifa landsins í umboði mennta- og menningarmálaráðherra. Stofnunin fékk frest til föstudagsins 11. maí til að koma með athugasemdir við þingskjalið, ef einhverjar væru.

Forstöðumaður Fornleifaverndar ríkisins var fulltrúi mennta- og menningarmálaráðherra í verkefnastjórn 2. áfanga Rammaáætlunar. Forstöðumaðurinn var settur inn í verkefnisstjórnina að beiðni mennta- og menningarmálaráðuneytis, eftir að verkefnisstjórnin var skipuð og hóf störf. Forstöðumaður Fornleifaverndar ríkisins var ekki í vinnuhóp sem var falið að leggja smiðshöggið á vinnuna, m.a. við endanlega niðurröðun virkjunakosta í orkunýtingar-, bið- og verndarflokka.

Vatnsfallsvirkjanirnar og eins háhitavirkjanirnar hafa margar hverjar áhrif á fornleifar. Á svæðunum eru hundruð og jafnvel þúsundir minja og minjaheilda. Þær sem eru þekktar eru m.a. leifar eftir brennisteinsnám, útilegumenn, sel, bæjarstæði, leiðir og fleiri samgönguminjar, jarðböð, réttir, beitarhús, mógrafir og kolagrafir, þingstaðir, kirkja og kuml svo nokkur dæmi séu tekin.

Starfsmenn Fornleifaverndar ríkisins unnu mjög gott starf við skráningu og greiningu minja á háhitasvæðunum í 2. áfanga Rammaáætlunar, en fornleifar voru ekki skráðar á fyrirhuguðum áhrifasvæðum allmargra þeirra vatnsfallsvirkjanna sem fjallað er um í þingsályktunartillögunni, og teknar voru fyrir í 1. áfanga Rammaáætlunar. Forstöðumaður Fornleifaverndar ríkisins vakti athygli á þessu og einnig á því að þegar unnið var með 1. áfangann var minjavörslunni ekki fengið neitt fjármagn til skráningar og minjamats. Megin hluti mats á minjum og minjagildi í 1. áfanga byggir á gömlum rannsóknum og ófullnægjandi heimildum þar sem ekki var annað efni fyrir hendi.

Athugasemdir Fornleifaverndar ríkisins við einstaka hluta þingsályktunartillögunnar eru eftirfarandi:

Í 4. mgr. á bls. 1. er fjallað um nauðsyn á eftirfylgni, að hugað verði að friðlýsingum á verndarsvæðum áætlunarinnar og að starfsemi Umhverfisstofnunar á verksviði friðlýsinga verði styrkt. Hér er hvergi minnst á nauðsyn sama verklags í tengslum við fornleifar landsins, þ.m.t. friðlýstar fornleifar eða styrkingu á starfsemi þeirrar stofnunar sem fer með vernd fornleifa landsins. Hafa ber í huga að fornleifar, minjaheildir og menningarlandslag eru hluti umhverfisins og að fjöldi friðlýstra fornleifa verða fyrir áhrifum vegna Rammaáætlunarinnar. Það er mikilvægt að efla burði þeirrar stofnunar sem fer með þessa málaflokka og gera henni kleift að fara í markvissa vinnu við minjamat á þeim svæðum sem sett hafa verið í friðunarflokk, vöktun þeirra svæða sem lenda innan áhrifasvæða virkjana og skráningu þeirra svæða sem eftir er að skrá. Telja má eðlilegt að samsvarandi ákvæði verði sett inn í þingsályktunartillöguna varðandi fornleifar landsins og stjórnslustofnun fornleifamála og gert er með náttúrusvæði og þá stofnun sem stýrir þeim málaflokki.

1. Orkunýtingarflokkur: Eldvörp á Reykjanesi eru sett í orkunýtingarflokk, þrátt fyrir að Fornleifavernd ríkisins hafi vakið athygli á því að á svæðinu eru einstakar minjar eftir útilegumenn, sem voru friðlýstar á síðustu öld af Matthíasi Þórðarsyni þjóðminjaverði (sjá bls. 164 í ritinu: Niðurstöður 2. áfanga rammaáætlunar).

Að endingu þakkar Fornleifavernd ríkisins fyrir veittan frest til að koma athugasemdum stofnunarinnar á framfæri.

Virðingarfyllt



Kristín Huld Sigurðardóttir
Forstöðumaður